

Nd.

613. L Ö G

til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. október 1913, um umboð þjóðjarða.

(Afgreidd frá Nd. 23. ágúst.)

Lög nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða, skulu eigi koma til framkvæmda að því er snertir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð og Hallbjarnareyrar, heldur skal forstaða þess framvegis sem hingað til falin umboðsmanni, skipuðum af stjórnarráðinu. Umboðslaun skulu frá næstu umboðsmannaskiftum vera 10% af eftirgjöldunum.

Umboðsmaðurinn í umboði þessu skal vera búsettur í bygðarlögunum kringum Snæfellsjökul.